

um frv. til l. um aðstoð til bænda á ópurrrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haldið 2 fundi um málið. Kom búnaðarmálastjóri á fund hjá nefndinni og gaf henni ýmsar upplýsingar. Málið var einnig rætt við landbúnaðar- ráðherra. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með litlum breytingum. Á þetta get ég ekki fallið og færi fyrir því eftirfarandi rök:

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um Bjargráðasjóð Íslands. Samkv. 1. gr. þeirra laga skal sjóðurinn vera „allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því“. Samkv. 5. gr. skal bjargráðastjórn „gæta vel að öllu, er bendir til þess, að yfirvofandi hallærisbættu sé fram undan, og skal hún vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri“. Samkvæmt 11. gr. laganna „getur stjórn bjargráðasjóðs veitt styrk eða lán úr bjargráðasjóði til að draga úr áhrifum hallærisins eða bæta tjónið að einhverju leyti“. Má slík aðstoð samkvæmt 13. gr. veitast sem heinn styrkur, sem lánveiting til sýslu- eða sveitarfélaga og sem lánveiting til einstaklinga, sem fyrir tjóni hafa orðið, gegn nánar ákveðnum tryggingum. Samkvæmt 14. gr. er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast lán, sem bjargráðasjóður kynni að þurfa að taka, ef hann kemst í fjárþröng vegna mikillar óáranar; einnig er heimilt að veita honum lán úr ríkissjóði, ef fé er fyrir hendi, en slík lán skal sjóðurinn endurgreiða af tekjum sínum. Til þess að standast útgjöld voru sjóðnum ákveðnar áttfaldar tekjur frá því, sem ákveðið var í eldri lögum. Stjórn sjóðsins er m. a. skipuð skrifstofustjóranum í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður, og formanni Búnaðarfélags Íslands. Af þessu er ljóst, að eðlilegast var og enda alveg sjálfsagt, að bjargráðasjóðurinn tæki lán það, sem tekið var samkv. bráðabirgðalögum, að stjórn sjóðsins aðstoðaði ráðuneytið, eins og fyrir er mælt í lögum, og hún síðar úthlutaði fénu á þann hátt, sem mælt er fyrir um. Þetta hefur hins vegar ekki verið gert, og er það mjög miður, þar sem engin ástæða var til þess að hafa hér á annan hátt. En þó að svo hafi verið gert, er engin ástæða til að sniðganga stjórn bjargráðasjóðsins að fullu og öllu í þessu máli, og mynda á þennan hátt annan sjóð til að gegna sama hlutverki. Þykir eðlilegast að beina málinu nú inn á rétta braut og afhenda stjórn bjargráðasjóðsins alla frekari framkvæmd málsins, og tæki hún þá að sjálfsögðu fullt tillit til þess, sem ráðherra hefur þegar gert í málinu, og samræmi það að svo miklu leyti sem unnt er við starfsreglur sjóðsins. Ég tel það mjög misráðið að kljúfa þetta sérstaka verkefni frá bjargráðasjóðnum og álit, að það skapi fordæmi um kröfu á ríkissjóðinn beint um margvíslega aðstoð, sem bjargráðasjóðnum er ætlað að bæta úr í framtíðinni. Allur undirbúningur málsins hefur verið slíkur, að ekki er æskilegt, að hann sé lögfestur á Alþingi, enda alveg ástæðulaust að gefa málinu þann hlæ, sem það hefur fengið einmitt vegna þess, að það er ekki látið lúta gildandi landslögum, sem þó tryggðu að fullu sanngjörnstu bætur til þeirra aðila, sem fyrir tjóni verða. Ég legg því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 4½ milljón króna lán, er Bjargráðasjóður Íslands tekur í því skyni að aðstoða bændur á ópurrrkasvæðunum í Austur-Skaftafells-, Múla- og Þingeyjarsýslum, svo og í Árneshreppi, í Strandasýslu og Grunnavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Aðstoð þessi verði veitt sem lán og óafturkræft framlag til fóðurkaupa samkvæmt fyrirmælum laga nr. 19 22. febr. 1950, um Bjargráðasjóð Íslands.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Um úthlutun fjárens, tryggingar og innheimtu fer eftir fyrirmælum laga nr. 19 22. febr. 1950, um Bjargráðasjóð Íslands. Þó verður ekki raskað þeim reglum, sem þegar hafa verið settar um þetta atriði, nema með samþykki ráðherra.

Alþingi, 30. okt. 1950.

Gísli Jónsson,
fundaskr.